

## **21. Frumvarp**

til laga um lifeyri fastra starfsmanna Búnaðarfelags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lifeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um fastá starfsmenn Búnaðarfelags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

## Athugasemdir.

Stjórn Búnaðarfjelds Íslands hefir farið þess á leit, að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjeldsins og því er þetta frumv. fram borið, og visast til brjefs fjeldsins, sem prentað er hjer með, um ástæður fyrir frumvarpinu.

## BÚNAÐARFJELAG ÍSLANDS

LÆKJARGATA 14. — REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. sept. 1927.

Á Búnaðarþingi í vetur vakti Páll skólastjóri Zóphóníasson máls á því, að rjett væri að lögum nr. 51, 27. júní 1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra yrði breytt á þá leið, að þau tækju einnig til fastra starfsmanna Búnaðarfjelds Íslands.

Fjárhagsnefnd Búnaðarþingsins var falið málið til athugunar, og lagði hún fram eftirfarandi tillögu:

»Búnaðarþingið felur stjórn Búnaðarfjelds Íslands, að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að starfsmenn Búnaðarfjel. Ísl. geti, »gegn því að greiða sama hundradsgjald og embættis- og sýslunarmenn »ríkisins af launum sínum í lífeyrissjóð embættismanna ríkisins (samkv. lög- »um nr. 51, 27. júní 1921), orðið aðnjótandi sama lífeyris og þeir, úr sjóði »þessum«.

Málinu var á þessu stigi vísað til 2. umr. en kom ekki fram aftur og fjekk því enga endanlega afgreiðslu.

Nú hefir stjórnarnefndin ákveðið að ráða Pál Zóphóníasson ráðunaut fjeldsins í nautgripa- og sauðfjárrækt frá 1. júní n. á., en hann hefir í umsókn sinni um þá stöðu óskað þess, að stjórnarnefndin hlutist til um það við ríkisstjórnina, að hann haldi eftir sem áður óskertum, fyrir sig og konu sína, þeim rjetti sem hann hefir nú, samkvæmt áðurnefndum lögum, enda greiði hann eftirleiðis í sjóðinn af sínum ráðunautslaunum það hundradsgjald sem lögin ákveða.

Stjórnarnefndin hefir lofað að taka þessa ósk til greina, og fyrir því er þess hjermeð farið á leit við hæstvirta ríkisstjórn, að hún taki til athugunar hvort fært er að taka þessa málaleitun til greina, og skal í því sambandi bent á tvær hugsanlegar leiðir:

1.) Að svo yrði ákveðið í lögunum, að menn, sem áður hafa verið í þjónustu ríkisins, og hafa sem slikir, trygt sjer og maka sínum lífeyri og elli-tryggingu, megi halda því áfram, þótt þeir gangi í fasta þjónustu Búnaðarfjelds Íslands, enda haldi þeir þá áfram að greiða iðgjöld af launum sínum hjá fjelaginu, eftir sömu reglum og aðrir embættismenn.

2.) Að lögunum verði breytt þannig, að þau nái einnig til fastra starfsmanna Búnaðarfjeldsins, þannig að þeir verði jafnir fyrir þessum lögum öðrum, embættismönnum ríkisins, ef þeir óska þess.

Til stuðnings þessari málaleitun skal, auk þess sem þegar er tekið fram bent á eftirfarandi atriði:

- a. Búast má við, að það geti oftast komið fyrir en nú, að starfsmenn bændaskólanna gangi í þjónustu Búnaðarfélagsins, og mun þeim þá að vonum þykja illt að tapa því fje, sem þeir hafa lagt fram til þess að tryggja sjer eða ekkju sinni — og börnum — lífeyri. Hinsvegar má líka gera ráð fyrir, að ráðunautar félagsins taki kennarastöðu við bændaskólana. Ættu þeir að vera vel til þess fallnir, þar sem þeir hafa þá átt kost á því, öðrum fremur, að kynnast íslenskum búskaparháttum og búskaparskilyrðum og afla sjer innlendra reynslu, sem verða mætti þeim, sem kennurum, að góðu gagni. Og þá ætti þeim ekki að verða óhagræði í því, að hafa þegar safnað sjer og sínum ellitryggingu.
- b. Að vissu leyti má líta svo á, að Búnaðarfélagið sje ein grein af atvinnu-málaráðuneytinu, sem nú skipar 2 menn af 3 í stjórn þess, og starfsmenn þess starfsmenn ríkisins, þótt ekki sje það kallað svo. Virðist þá eðlilegt að þeir hafi sama rjett og skyldur, sem embættismennirnir, gagnvart lífeyris-sjóði og ekkjutryggingu, enda má líta svo á, að þeir sitji í föstum stöðum i þarfir þjóðfélagsins. Og starfssvið þeirra er hliðstætt starfi bændaskólakennaranna og í eðli sínu álika þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn.
- c. Þótt gert sje ráð fyrir ákveðnum uppsagnarfresti í erindisbrjefum fyrir fasta starfsmenn Búnaðarfélagsins, þá má þó líta svo á, að þessir menn, þegar þeir eru ráðnir í þjónustu félagsins, hafi fengið jafntrygga stöðu til fram-búðar, sem starfsmenn ríkisins, enda mun ekki uppsagnarákvæðinu hafa verið beitt nema tvisvar sinnum við starfsmenn félagsins, síðan það var stofnað.

Virðingarfylst.

*M. Stefánsson.*

Til stjórnarráðs Íslands.